

Byggðasamlag um menningar- og atvinnumál í A-Hún.

Ársreikningur 2018

Byggðasamlag um menningar- og atvinnumál í A-Hún.
Hnjúkabyggð 33
540 Blönduós

kt. 451176-0139

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnenda	2	Efnahagsreikningur	6
Áritun óháðs endurskoðanda	3	Sjóðstreymisyfirlit	7
Rekstrarreikningur	5	Skýringar	8

Skýrsla og áritun stjórnar

Byggðasamlagið er um rekstur menningar- og atvinnumála í Austur Húnavatnssýslu. Aðilar að samlaginu eru sveitarfélögin Blönduósþær, Húnavatnshreppur, Skagabyggð og Sveitarfélagið Skagaströnd.

Tap varð á rekstri byggðasamlagsins á árinu 2018 að fjárhæð 0,4 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Í árslok nam eigið fé byggðasamlagsins 107,4 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum. Ársverk á árinu voru 1,5.

Stjórn og framkvæmdastjóri Byggðasamlags um menningar- og atvinnumál í A-Hún. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2018 og staðfest hann með undirritun sinni.

Blönduósi, 2019.

Stjórn:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Bygðasamlags um menningar- og atvinnumál í A-Hún.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning byggðasamlagsins („félagið“) fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2018 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggrri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningssskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningssskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, 2019.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	2018	Áætlun
Rekstrartekjur:			
Framlög aðildarsveitarfélaga		25.000.008	25.000.000
Aðrar tekjur		7.266.748	7.370.000
	3	<u>32.266.756</u>	<u>32.370.000</u>
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	4	10.048.673	9.030.000
Annar rekstrarkostnaður		19.433.428	22.869.000
Afskriftir	7	3.070.116	2.900.000
		<u>32.552.217</u>	<u>34.799.000</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		(285.461)	(2.429.000)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	5	<u>(66.951)</u>	<u>(60.000)</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	11	<u>(352.412)</u>	<u>(2.489.000)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr.	2018	2017
Eignir:			
Fasteignir	7	92.494.844	92.122.652
Eignarhlutir í öðrum félögum	8	361.570	631.940
Fastafjármunir samtals		<u>92.856.414</u>	<u>92.754.592</u>
Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur	9	662.167	2.003.244
Aðrar skammtímakröfur		89.580	0
Fyrirframgreiddur kostnaður		7.786.266	6.982.844
Handbært fé	10	12.953.368	11.963.333
Veltufjármunir samtals		<u>21.491.381</u>	<u>20.949.421</u>
Eignir samtals		<u><u>114.347.795</u></u>	<u><u>113.704.013</u></u>
Eigið fé:			
Eiginfjárreikningur	11	<u>107.418.803</u>	<u>107.771.215</u>
Skammtímaskuldir:			
Aðrar skammtímaskuldir		<u>6.928.992</u>	<u>5.932.798</u>
Skuldir samtals		<u>6.928.992</u>	<u>5.932.798</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>114.347.795</u></u>	<u><u>113.704.013</u></u>

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2018

	Skýr.	2018	Áætlun
Rekstrarhreyfingar:			
Rekstrarniðurstaða ársins	11	(352.412)	(2.489.000)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	3.070.116	2.900.000
Niðurfærsla hlutabréfaeignar, breyting		270.370	0
		<u>2.988.074</u>	<u>411.000</u>
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		2.247.691	0
		<u>5.235.765</u>	<u>411.000</u>
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	7	(3.442.308)	0
		<u>(3.442.308)</u>	<u>0</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Fyrirframreiðslur, breyting		(803.422)	0
		<u>(803.422)</u>	<u>0</u>
Hækkun á handbæru fé		990.035	411.000
Handbært fé í ársbyrjun		<u>11.963.333</u>	<u>11.963.333</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>12.953.368</u></u>	<u><u>12.374.333</u></u>

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Reikningsskilaaðferðir

a. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónusta hefur verið innt af hendi.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

d. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími fasteigna er 40 ár.

e. Eignarhlutir í öðrum félögum

Í ársreikningnum eru eignarhlutir í félögum færðir á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra. Framlög til ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna víðeigandi málaflokks.

f. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign byggðasamlagsins en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

g. Handbært fé

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

h. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2018 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og sjóðstreymisýfirliti.

3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	2018	Áætlun
Framlög aðildarsveitarfélaga	25.000.008	25.000.000
Aðrar tekjur:		
Eignatekjur	6.411.748	7.000.000
Aðrar tekjur	855.000	370.000
	<u>7.266.748</u>	<u>7.370.000</u>
Rekstrartekjur samtals	<u>32.266.756</u>	<u>32.370.000</u>

Skýringar, frh.:

4. Laun og launatengd gjöld	2018	Áætlun
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	8.109.801	7.388.000
Launatengd gjöld	1.938.872	1.642.000
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>10.048.673</u>	<u>9.030.000</u>

Stöðugildi að meðaltali 1,5

Laun stjórnar námu 663 þús. kr. á árinu 2018 en námu 363 þús. kr. á árinu 2017.

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtatekjur	8.874	30.000
Vaxtagjöld	(75.825)	(90.000)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	<u>(66.951)</u>	<u>(60.000)</u>

6. Heildaryfirlit um rekstur				
Rekstur málaflokka byggðasamlagsins greinist þannig:				
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Áætlun
Framlög		25.000.008	25.000.008	25.000.000
Menningarmál	12.671.956	855.000	(11.816.956)	(11.800.000)
Atvinnumál	11.481.018	0	(11.481.017)	(13.498.000)
Fjármagnsliðir	75.825	8.874	(66.951)	(60.000)
Málaflokkar samtals	<u>24.228.799</u>	<u>25.863.882</u>	<u>1.635.085</u>	<u>(358.000)</u>
Eignasjóður	8.399.245	6.411.748	(1.987.497)	(2.131.000)
Byggðasamlag samtals	<u>32.628.044</u>	<u>32.275.630</u>	<u>(352.412)</u>	<u>(2.489.000)</u>

7. Varanlegir rekstrarfjármunir	
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:	Fasteignir
Heildarverð 1.1.2018.....	186.764.780
Afskrifað áður.....	(94.642.128)
Bókfært verð 1.1.2018.....	<u>92.122.652</u>
Viðbót á árinu.....	3.442.308
Afskrifað á árinu.....	(3.070.116)
Bókfært verð 31.12.2018.....	<u>92.494.844</u>
Heildarverð 31.12.2018.....	190.207.088
Afskrifað samtals.....	(97.712.244)
Bókfært verð 31.12.2018.....	<u>92.494.844</u>
Afskriftahlutföll.....	2,5%

Vátryggingaverð

Fasteignamat húsa nam 196,7 millj. kr. og lóða 15,2 millj. kr. í árslok 2018. Á sama tíma var brunabótamat fasteigna 846,5 millj. kr. og vátryggingaverðmæti lausafjármuna 75,2 millj. kr.

Skýringar, frh.:

8. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Hkjarni ehf.	63,3%	1.900.000	1.900.000
Niðurfærsla hlutabréfaeignar			(1.538.430)
Hlutabréfaeign samtals			<u>361.570</u>

9. Skammtímakröfur

Niðurfærsla skammtímakrafna greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun	2.595.000
Niðurfærsla í árslok	<u>2.595.000</u>

10. Handbært fé

Handbært fé í árslok greinist þannig:

Tékkareikningur hjá Arion banka hf.	12.953.368
Handbært fé samtals	<u>12.953.368</u>

11. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

Eigið fé 1.1.2018	107.771.215
Rekstrarniðurstaða ársins	(352.412)
Eigið fé 31.12.2018	<u>107.418.803</u>

12. Tengdir aðilar

Aðildarsveitarfélög byggðasamlagsins eru skilgreind sem tengdir aðilar, sem og aðal- og varamenn í samlagsstjórn auk æðstu stjórnenda. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Byggðasamlagið hefur átt viðskipti við tengda aðila á árinu. Viðskipti byggðasamlagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.